

# GJALDSKRÁ

## vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samkvæmt gjaldskrá þessari innheimtir Tálknafjarðarhreppur gjöld til að standa undir kostnaði við förgun úrgangs, þ.m.t. sorphirðu, endurvinnslu, sorpeyðingu sem og uppsetningu og rekstur viðkomandi söfnunarstöðva.

### 2. gr.

Sorphirðugjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu og er gjaldið miðað við rúmmál íláta. Óski húseigandi eftir minni tunnum lækkar gjaldið í samræmi við neðan greinda kosti. Innifalið í gjaldinu eru tunnur og losanir í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs og tekur gjaldið til:

- a. 1. Stk. 240 lítra tunna fyrir heimilisúrgang sem losuð er á 28 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli kr. 33.570. Einnig er boðið upp á 120 lítra tunna fyrir heimilisúrgang kr. 25.177.
- b. Á hverja 240 lítra tunnu fyrir endurvinnsluefni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli kr. 16.784,-. Ef fengin er önnur endurvinnslutunna við hvert heimili er innheimt 80% af gjaldi fyrir endurvinnslutunnu eða kr.13.427
- c. Fyrir hverja 120 lítra tunnu fyrir lífrænt efni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli kr. 16.784.
- d. Í samræmi við 12. grein Samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi er heimilt að fækka smærri ílátum við fjöleignahús og fá stærra ílát fyrir heimilisúrgang og þá greiðast kr. 92.317 fyrir 660 lítra tunnu.
- e. Einnig er húseigendum heimilt að semja um sameiginleg sorpílát í samræmi við 12. grein Samþykktar um meðhöndlun úrgangs og að fá undanþágu frá gjaldi fyrir lífrænan úrgang í samræmi við 12. grein Samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

Önnur gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eru breytingakostnaður vegna íláta kr. 4. 025 sem innheimt er ef breytinga er óskað eftir að fasteignagjöld hafa verið lögð á. Einnig er heimilt að leggja á skrefagjald ef sorpílát eru lengra frá götu en 15 m í þéttbýli og er það 50% af hverri tunnu. Aukahirðing vegna óviðundandi flokkunar eða frágangs er kr. 9.200.

### 3. gr.

Sorpeyðingagjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er 55.726 kr. fyrir íbúðarhúsnæði og 40.498 kr. fyrir sumarhús. Gjaldið er einnig lagt á fyrirtæki og stofnanir sem eiga B og C húsnæði í sveitarfélaginu og er það kr. 55.726.

### 4. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Tálknafjarðarhreppi greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá sorphirðuverktaka.

### 5. gr.

Á söfnunarstöðvum Tálknafjarðarhrepps skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, má þar nefna pappa, plast og fl. Þá skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á garðaúrgangi og óvirkum úrgangi á sérmerktum losunarstöðum í Tálknafjarðarhreppi.

### 6. gr.

Sorphirðugjald og sorpeyðingagjald skal innheimt með álögdum fasteignagjöldum ár hvert. Gjald dagar eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps á 624 fundi sínum þann 12. desember 2023. Gjaldskráin er sett skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi sem var samþykkt af sveitarstjórn 24. janúar 2023.

*Samþykkt á 624. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, 12. desember 2023.*

**Ólafur Þór Ólafsson**, sveitarstjóri.